

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar það hefur ekkert breyst í “þorpinu “ Íslandi með sína rúmlega 300.000 íbúa nema það að túristar hafa tekið yfir vegina og hálendið og því ættu þeir að taka sína hlutdeild í kostnaðinum. Þega við ferðumst til td. Amsterdam er lagður á okkur City skattur sem við greiðum fyrir veitta þjónustu og þykir sjálfsagt. Hafið samband við Hollensk yfirvöld og kynnið ykkur málið. Það að fjölgun ferðamanna með tilheyrandi tekjum fyrir yfirvöld og þjónustuaðila á EKKI að vera niðurgreidd að borgurum landsins heldur ættu fjármunirnir sem aflagast að fara í að gera líf okkar betra. Einnig mættuð þið skoða hvort það séu ekki til einfaldari aðferðir að gera td. Reykjanesbrautina öruggari með jákvæðum leiðbeiningum og skilaboðum til ferðamanna um aksturslag og að deila akgreinum í tvennt þar sem einbreitt er með vegriði. Aðalvandamál á brautinni eru ökumenn sem hlýða ekki reglunum um framúrakstur. Það þarf ekki alltaf jarðgöng til að leysa málin. Reykjanesbrautin er langbesti vegur landsins en því miður hafa getulitlir ráðherrar síðustu ára og núverandi valdi miklum skaða á samgöngumálum á landinu öllu. Það væri líka gaman að vita hvernig þessi þrír riddarar vegskattanna hafi hugsað sér innheimtuna. Það er grunsamlega oft nefndar myndavélinnheimtur. Hverjir eiga að sjá um það? Einkafyrirtæki á prósentum?

Undirritað: Sigurður G. Sigurðsson